

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, sbr. 66. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 78/1979.

Reglugerðin öðlast þegar gildi, þó þannig, að ákvæði 8. gr. um sjálfstætt fjárhald tekur gildi frá 1. janúar 1994 að telja. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 404/1977, um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.

Menntamálaráðuneytið, 26. febrúar 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

Nr. 106

26. febrúar 1993

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010.**

Samkvæmt ósk borgarráðs Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. janúar 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að útivistarsvæði norðan Vatnsholts–Hjálmhólts verður að hluta stofnanasvæði, ætlað dagvistarstofnun.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstofnun, 26. febrúar 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 107

26. febrúar 1993

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010.**

Samkvæmt ósk borgarráðs Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. janúar 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að almennt íbúðar-, útivistar- og garðsvæði auk leikvallar, við Háaleitisbraut verður að hluta stofnanasvæði ætlað fyrir kirkjubyggingu.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstofnun, 26. febrúar 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.